

Samningur Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd

1. gr.

Samningsaðilar

Útlendingastofnun, Dalvegi 18, 201 Kópavogi, kt. 670269-6399 og Reykjavíkurborg, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, kt. 530269-7609 (hér eftir nefnd þjónustuaðili). Um samning þennan gilda lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

2. gr.

Markmið

Samningurinn er liður í hlutverki stjórnvalda að tryggja þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd (hér eftir nefndir umsækjendur) á meðan mál þeirra eru til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum og tryggja látlaust og fullnægjandi húsnæði.

Þörf er fyrir sveigjanlegt móttökukerfi umsækjenda sem felur í sér að á samningstíma getur reynst nauðsynlegt að breyta samningnum þannig að dregið sé úr ákveðnum þáttum þjónustunnar eða þeir styrktir. Í viðaukum við samning þennan er nánar kveðið á um hvaða þjónustu skal veita. Viðaukarnir geta tekið breytingum á grundvelli sameiginlegra ákvörðunar Útlendingastofnunar og þjónustuaðila.

3. gr.

Fjöldi í húsnæði

Þjónustuaðili tekur að sér veita allt að 220 umsækjendum þjónustu og húsnæði í senn. Á gildistíma samningsins tekur þjónustuaðili við bæði einstaklingum og fjölskyldum. Skal húsnæði fyrir 172 af 220 vera fast og húsnæðiskostnaður skv. leigusamningi greiddur óháð því hvort það er nýtt eða ekki. Fyrir hin 48 skal greitt í samræmi við nýtingu húsnæðis. Fari fjöldi umsækjenda yfir 172 einstaklinga í senn leggst 8% álag á daggjald þeirra einstaklinga, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Verði skyndileg aukning á fjölda umsækjenda á Íslandi getur Útlendingastofnun farið fram á það við þjónustuaðila að fjölga húsnæði tímabundið. Skal þá gerður tímabundinn viðauki þess efnis enda fari um greiðsluskyldu Útlendingastofnunar með sama hætti og kveðið er á um í samningi þessum.

4. gr.

Greiðslur til þjónustuaðila

Fyrir þjónustu sem veitt er á grundvelli samnings þessa greiðist daggjald að upphæð 8.344,00 kr. fyrir hvern umsækjanda, þar af er áætlað að 65% upphæðarinnar sé vegna fasts kostnaðar sem greiðist óháð nýtingu, sbr. 3. gr.

Þá greiðir Útlendingastofnun þjónustuaðila árlegt fastagjald fyrir þjónustuna og nemur það 36.713.349,00 kr. Fastagjaldinu er ætlað að standa straum af launakostnaði og almennum rekstrarkostnaði því samfara, sbr. 6. mgr. 7. gr.

Fjárhæðir daggjalds og fastagjalds eru háðar breytingu á vísitölu neysluverðs. Grunnvísitala miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2019, sem er 462 stig. Verði gerðar breytingar á kjarasamningum er leiði til hækkunar launakostnaðar verði fastagjald tekið til endurskoðunar.

Heildarfjárskuldbinding Útlendingastofnunar vegna ákvæða samningsins er 718.439.909,00 kr. árlega, sem skiptist í fastagjald 36.713.349,00 kr. sem stendur straum af launakostnaði starfsmanna þjónustuveitanda sem sinna þjónustunni ásamt almennum rekstrarkostnaði og daggjalds 681.726.560,00 kr. sem stendur straum af kostnaði fullbúins húsnæðis, vikulegum fæðispeningum og framfærslufé, ráðgjöf, samgöngum, túlkþjónustu, tómstundum og fullorðinsfræðslu o.fl. fyrir hvern umsækjanda, sbr. viðauki 1 með samningi þessum. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins takmarkast við framangreinda heildarfjárskuldbindingu.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu inntar af hendi mánaðarlega samkvæmt reikningi frá þjónustuaðila. Á reikningi þjónustuaðila skal sundurgreina kostnað vegna einstaklinga í þjónustu og vegna fastagjaldsins, sem greitt er mánaðarlegt hlutfall af. Með reikningi skal fylgja yfirlit yfir þá sem notið hafa þjónustu á reikningstímabilinu og fjölda dvalardaga í mánuði. Önnur þjónusta en sú sem snýr að húsnæði er greidd miðað við fjölda umsækjenda á hverjum tíma.

5. gr.

Þjónusta

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir þjónustu fyrir hönd þjónustuaðila eða tryggir að þjónusta samkvæmt samningi þessum sé veitt.

Innifalið í daggjaldi samningsaðila er gisting og fæði umsækjenda miðað við sólarhringsdöl, skólavist fyrir börn samkvæmt. reglum um skólaskyldu, auk annarrar umsáminnar þjónustu samkvæmt viðaukum við samning þennan.

Við veitingu þjónustu á grundvelli samningsins skal höfð hliðsjón af lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga sem snýr að félagslegri ráðgjöf.

6. gr.

Hlutverk og skyldur Útlendingastofnunar

Útlendingastofnun greinir umsækjenda frá þeim réttindum og skyldum sem felast í því að njóta þjónustu þjónustuaðila og kynnir honum umgengnisreglur og hvaða afleiðingar það geti haft að brjóta gegn þeim reglum.

Útlendingastofnun tilkynnir þjónustuaðila það með skriflegum hætti þegar umsækjandi skal njóta þjónustu samkvæmt samningi þessum. Með ákvörðun Útlendingastofnunar skulu fylgja grunnpersónuupplýsingar um umsækjandann til að tryggja að þjónustuaðili geti þjónustað hann samkvæmt samningi þessum auk upplýsinga um tungumálakunnáttu hans og sérþarfir ef einhverjar eru.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um lok þjónustu og tilkynnir þjónustuaðila og umsækjanda það með skriflegum hætti.

Útlendingastofnun tryggir að starfsmenn þjónustuaðila og þeir sem veita þjónustu samkvæmt samningnum fái fræðslu og leiðbeiningar um þjónustu við umsækjendur. Þjónustuaðili og þeir sem veita þjónustu samkvæmt samningi geta óskað eftir fræðslu og leiðbeiningum frá Útlendingastofnun eftir því sem þörf krefur hverju sinni.

Útlendingastofnun bætir þjónustuaðila tjón sem verður á húsnæði sem nýtt er í þjónustuna, ef tjónið má rekja til ásetnings eða gáleysis umsækjenda og skemmdir teljast verulegar.

7. gr.

Hlutverk og skyldur þjónustuaðila

Þjónustuaðili tekur við þeim umsækjendum sem Útlendingastofnun ákveður að skuli njóta þjónustu samkvæmt samningnum í samræmi við skilyrði 3. gr. samnings þessa. Þjónustuaðili skal þjónusta umsækjanda þar til Útlendingastofnun tilkynnir að viðkomandi skuli ekki lengur njóta þjónustunnar, sbr. 3. mgr. 6. gr.

Þjónustuaðili veitir þjónustu samkvæmt samningi þessum, viðaukum við hann og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eftir því sem við á, með þeirri undantekningu að þjónustuaðili gætir ekki hagsmuna umsækjenda gagnvart stjórnvöldum vegna meðferðar umsóknar um hæli.

Þjónustuaðili afhendir umsækjendum innkaupakort við upphaf þjónustu og leggur vikulega inn fyrirfram ákveðna fjárhæð þar til þjónustu lýkur eða Útlendingastofnun ákveður annað. Standi þjónusta lengur en í fjórar vikur, greiðir þjónustuaðili umsækjanda aukna framfærslu vikulega eftir það tímamark. Kveðið er á um fjárhæðir og nánara fyrirkomulag í viðauka I.

Þjónustuaðila er óheimilt að skerða þjónustu við umsækjanda nema samkvæmt skriflegum fyrirmælum frá Útlendingastofnun.

Þjónustuaðili skal tilkynna tengilið hjá Útlendingastofnun samkvæmt 9. gr. samnings þessa skriflega um vandamál sem kunna að koma upp varðandi þjónustu við umsækjanda, s.s. kvartanir hans eða annarra, hegðunarvandamál eða brot á lögum eða reglum, þ.m.t. umgengnisreglum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. samningsins. Þjónustuaðili skal tilkynna Útlendingastofnun skriflega, um leið og ljóst er að umsækjandi nýtir ekki húsnæði.

Starfsfólk þjónustuaðila skal hafa þá menntun og þekkingu sem til þarf til að sinna þjónustuskilyldum samkvæmt ákvæðum samnings þessa og viðaukum. Þjónustuaðili tryggir að fjöldi starfsmanna sem veitir umsækjendum þjónustu sé til samræmis við skyldur hans samkvæmt samningnum, viðauka og fjárhagsramma hans. Þjónustuaðili ber ábyrgð á og tryggir að húsnæði umsækjenda sé samþykkt íbúðarhúsnæði, fullnægi lágmarkskröfum til gistiheimila, hjúkrunarheimila eða meðferðarheimila en án þess að gerð sé krafa um starfsleyfi. Í húsnæði þarf að vera fullnægjandi húsbúnaður við hæfi, samanber viðauka.

Þjónustuaðili skal gefa út skýrslu í mars árlega, þar sem fram koma upplýsingar um nýtingu húsnæðis, yfirlit yfir veitta þjónustu í samræmi við 5. gr. samningsins og viðauka, sundurliðaðan

kostnað ásamt ópersónugreinanlegri samantekt á framkomnum vandamálum og lausnum vegna húsnaðis og þjónustu.

Þjónustuaðili skal í störfum sínum fara eftir lögum og reglugerðum er varða persónuvernd. Þjónustuaðili gætir þess í störfum sínum að sýna umsækjendum virðingu og kurteisi og tekur tillit til þess að þeir geta verið í viðkvæmri stöðu.

8. gr.

Eftirlit

Útlendingastofnun hefur eftirlit með framkvæmd þjónustu á grundvelli samnings þessa og viðaukum og sinnir því meðal annars með vettvangsferðum.

Samkvæmt samningi dómsmálaráðuneytisins, Útlendingastofnunar og Rauða krossins á Íslandi, dags. 8. mars 2018, sinnir Útlendingastofnun eftirliti með aðbúnaði umsækjenda og á reglulega fundi með þjónustuaðila. Skal þjónustuaðili veita Útlendingastofnun aðgengi og aðstoð til að þeim skyldum sé fullnægt, sé farið fram á það skriflega og með sanngjörnum fyrirvara.

9. gr.

Samráðsvettvangur

Samningsaðilar skulu tilnefna einn tengilið hvor til að sinna samráði um þjónustu á grundvelli samnings þessa. Samningsaðilar halda reglulega samráðsfundi um þjónustuna.

Útlendingastofnun boðar alla þjónustuaðila til fundar á gildistíma samningsins þar sem samráð skal haft um þjónustu og framgang hennar.

10. gr.

Meðferð ágreinings, vanefndir og riftun

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun samnings þessa skulu samningsaðilar leitast við að leysa slík mál sín á milli án atbeina dómstóla. Séu vanefndir samningsaðila verulegar eða ekki náist að leysa úr ágreiningi er heimilt að rifta samningnum með þriggja mánaða fyrirvara.

Mál vegna samnings þessa skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

11. gr.

Gildistími, uppsagnar og endurskoðunarákvæði

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2020. Hvorum samningsaðila um sig er heimil uppsögn með sex mánaða fyrirvara. Þremur mánuðum fyrir samningslok skulu samningsaðilar í sameiningu meta árangur og framhald samningssambands með tilliti til þess hvort samið verði um framhald þjónustunnar.

Fjárhæðir samnings eru háðar fjárheimildum til málaflokksins og lækki þær fjárheimildir ber samningsaðilum að taka upp viðræður um aðlögun verkefnisins að breyttri fjárveitingu, sbr. 14.

gr. reglugerðar nr. 643/2018 um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni.

Verði breytingar á gildandi lögum, reglum eða fyrirkomulagi er varða þjónustu við umsækjendur skulu samningur þessi og viðaukar hans endurskoðaðir. Hafi breytingarnar áhrif á kostnað þjónustuaðila verða fjárframlög samkvæmt samningnum endurskoðuð í samræmi við það.

Reykjavík, apríl 2019,

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Útlendingastofnunar

Staðfest f.h. dómsmálaráðherra

Staðfest f.h. fjármála- og efnahagsráðherra

Viðauki I

um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd samkvæmt samningi Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar

I. Húsnæði

Reykjavíkurborg (hér eftir nefndur þjónustuaðili) sér umsækjendum um alþjóðlega vernd (hér eftir nefndir umsækjendur) fyrir samþykktu íbúðarhúsnæði eða herbergi í húsnæði sem fullnægir lágmarkskröfum til gistiheimila, hjúkrunarheimila eða meðferðarheimila ásamt húsbúnaði. Til húsbúnaðar teljast þeir munir sem nauðsynlegir eru til að halda látlaust heimili með þeim hætti sem almennt gerist. Heimilt er að samnýta húsnæði fyrir fleiri en einn umsækjanda. Stærð húsnæðis skal taka mið af fjölskyldugerð og aðstæðum umsækjenda.

Þjónustuaðili leggur til efni og tæki til ræstingar á húsnæðinu við komu umsækjenda en í framhaldinu sér sá síðarnefndi sjálfur um innkaup á hreinlætisvörum og er gert ráð fyrir kostnaði vegna þess í framfærslu.

Þjónustuaðili fylgist með húsnæði á hans vegum með tilliti til umgengni og þrífnaðar. Þjónustuaðili fer reglulega yfir húsnæði með tilliti til þess hvort þar sé að finna veggjalús eða aðra óværu sem kallar á aðkomu meindýraeyða. Verði vart við veggjalús eða aðra óværu sem kallar á aðgerðir, greiðir Útlendingastofnun helming kostnaðar á móti þjónustuaðila vegna þess. Fari kostnaður vegna eitrunar, þrifa eða förgunar húsbúnaðar yfir 300.000 kr. greiðir Útlendingastofnun hlutfallslega meira. Í slíkum tilvikum semja aðilar sérstaklega um kostnaðarskiptinguna að teknu tilliti til umfangs aðgerða.

II. Fæði og húsnæði

Umsækjendur í húsnæði með fæði eiga ekki rétt á fæðispeningum. Umsækjendur eiga ekki rétt á öðru húsnæði en því sem þjónustuaðili úthlutar þeim. Þeir sem stunda atvinnu án heimildar missa rétt sinn til fæðispeninga. Skilyrði fyrir greiðslu fæðispeninga eru m.a. að viðkomandi búi ekki í húsnæði sem fylgir fæði, geri grein fyrir sér hjá þjónustuaðila, mæti í viðtöl og birtingar sem hann hefur sannanlega verið boðaður til og gangist undir að fylgja þeim umgengnisreglum sem gilda í húsnæði þjónustuaðila. Séu skilyrði fyrir greiðslu fæðispeninga ekki uppfyllt ber þjónustuaðila að sjá viðkomandi fyrir fæði. Fæðispeningar umsækjenda í húsnæði án fæðis og umsækjenda í eigin húsnæði skulu vera sem hér segir, en þó aldrei hærra en sem nemur 28.000 kr. fyrir hverja fjölskyldu á viku, sbr. 25. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 540/2017:

Fjölskyldustærð	Upphæð í krónum
Einstaklingur	8.000 kr. á viku
Hjón eða sambúðarfólk	13.000 kr. á viku
Barn	5.000 kr. á viku

Þjónustuaðili greiðir umsækjanda fæðispeninga á meðan hann nýtur þjónustu sveitarfélagsins. Umsækjandi sér sjálfur um innkaup og matseld. Til framfærslu heyra matvörur, hreinlætisvörur, ólyfseðilsskyld lyf, vítamín, o.fl. Þjónustuaðili greiðir fyrir húsnæði, rafmagn og hita.

Þjónustuaðili leggur inn á innkaupakort einu sinni í viku á tilteknum vikudegi.

Umsækjandi, sem fær bráðabirgða dvalar- og atvinnuleyfi sér um eigin framfæslu og fer úr þjónustu sjö dögum frá útgáfu leyfisins samkvæmt ákvörðun Útlendingastofnunar. Sé umsækjandi fyrirvinna fjölskyldu og launagreiðslur nægja ekki til framfærslu allrar fjölskyldunnar, er heimilt í samráði við Útlendingastofnun að fjölskyldan búi áfram í húsnæði þjónustuaðila en fæðispeningar og framfærslufé allrar fjölskyldunnar fellur niður sjö dögum frá útgáfu leyfisins.

III. Framfærslufé

Eftir samanlagða fjögurra vikna dvöl í þjónustu Útlendingastofnunar og þjónustuaðila greiðir þjónustuaðili umsækjanda vikulega aukið framfærslufé. Fullorðinn einstaklingur á rétt á 2.700 kr. í framfærslufé á viku og barn 1.000 kr. Þjónustuaðili og Útlendingastofnun skulu skilyrða greiðslu framfærslufjár þannig að umsækjandi þurfi að gera grein fyrir sér hjá þjónustuaðila, mæta í viðtöl og birtingar sem hann hefur sannanlega verið boðaður til og gangast undir að fylgja þeim húsreglum sem gilda í því húsnæði sem hann dvelur í. Þjónustuaðili skal draga af framfærslufé umsækjanda útlagðan kostnað vegna skemmda á húsnæði eða innanstokksmunum eða annarra útgjalda sem þjónustuaðili þarf að standa undir og ekki eru tilkomin vegna eðlilegrar notkunar umsækjanda. Umsækjandi sem stundar vinnu án atvinnuleyfis á ekki rétt á framfærslufé. Umsækjandi sem veitir ekki atbeina sinn við að upplýsa hver hann er á ekki rétt á framfærslufé, sbr. 29. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 540/2017.

Ákveði Útlendingastofnun að skerða framfærslufé vegna brota á reglugerð um útlendinga eða vegna brota á umgengisreglum skal þjónustuaðili tilkynna umsækjanda um þá ákvörðun.

Rauði krossinn tryggir umsækjendum reglulega og endurgjaldslausu fataúthlutun í samstarfi við þjónustuaðila á grundvelli samnings dómsmálaráðuneytisins, Útlendingastofnunar og Rauða krossins á Íslandi, dags. 8. mars 2018. Ef ekki tekst að útvega umsækjendum undirföt og vetrarskó skal þjónustuaðili tryggja þeim þær nauðsynjar.

IV. Heilbrigðisþjónusta og lyfjakostnaður

Umsækjendur eiga rétt á nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og þeim lyfjum sem þeim eru nauðsynleg skv. læknisráði og að höfðu samráði við trúnaðarlækni Útlendingastofnunar. Útlendingastofnun stendur straum af slíkum kostnaði geti umsækjandi ekki staðið undir honum sjálfur. Börn yngri en 18 ára njóta aðgangs að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, meðan þau dveljast hér á landi. Barnshafandi konur skulu hafa aðgang að mæðravernd og börn að ung- og smábarnavernd. Umsækjendum skal einnig standa til boða að leita til félagsráðgjafa, geðlæknis og sálfræðings samkvæmt mati trúnaðarlæknis Útlendingastofnunar. Útlendingastofnun greiðir ekki fyrir aðra lækniþjónustu,

svo sem tannlækningar, lækniaðgerðir sem ekki er brýn þörf fyrir og lyfseðilsskyld lyf sem ekki teljast nauðsynleg og skal ekki veitt nema að undangengnu mati trúnaðarlæknis Útlendingastofnunar. Heilbrigðiskostnaður vegna bráðapjónustu greiðist af fjárlagalið 06-399, „Hælisleitendur“, í samræmi við reglugerð um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir. Umsækjendur skulu sjálfir bera annan heilbrigðis- og lyfjakostnað, sbr. 26. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 540/2017

Göngudeild sóttvarna og hælisleitenda á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Mjódd sinnir hlutverki trúnaðarlæknis fyrir Útlendingastofnun og sér um alla lækniþjónustu fyrir umsækjendur, þar með talið tilvísanir til sérfræðilækna.

Útlendingastofnun sér um fyrstu lækni skoðun við komu umsækjanda til landsins og greiðir kostnað fyrir almenna heilbrigðisþjónustu meðan á málsmeðferð stendur, þ.m.t. mæðra- og ungbarnaeftirlit. Kostnaður vegna sérfræðilækna, þ.m.t. tannlækna er greiddur af Útlendingastofnun á grundvelli tilvísunar lækni frá göngudeild sóttvarna og hælisleitenda á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Mjódd. Lyfjakostnaður sem er lyfseðilsskyldur er einnig greiddur af Útlendingastofnun á grundvelli tilvísunar lækni frá göngudeild sóttvarna og hælisleitenda á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Mjódd.

Þjónustuaðili sér um samskipti umsækjanda við Göngudeild sóttvarna og hælisleitenda á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Mjódd og við aðra sérfræðilækna eða sérfræðinga og aðstoðar umsækjanda við tímapantanir eða annað tengt heilsugæslu um leið og viðkomandi kemur í þjónustu hans. Þjónustuaðili sendir beiðnir (á sérstöku beiðnaformi sem samþykkt er af Útlendingastofnun, sbr. fylgiskjöl I. IV) á apótek vegna lyfseðla sem útgefnir eru af Göngudeild sóttvarna og hælisleitenda á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Mjódd, læknavaktinni, bráðamóttöku eða þeirri heilsugæslu sem sinnir ungbarna- og mæðraeftirliti.

Komi upp vafamál um veitingu þjónustu skal þjónustuaðili hafa samráð við tengilið hjá Útlendingastofnun samkvæmt 9. gr. samningsins.

V. Ráðgjöf

Þjónustuaðili býður umsækjendum upp á reglubundna viðtalstíma þar sem veitt er félagsleg ráðgjöf og stuðningur með hliðsjón af lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

VI. Samgöngur

Þjónustuaðili tryggir umsækjendum gjaldfrjálsan aðgang að almenningssamgöngum til að komast í þjónustu samkvæmt viðauka þessum eða aðra þjónustu sem talin er nauðsynleg að mati Útlendingastofnunar eða þjónustuaðila, sbr. 28. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 540/2017.

VII. Túlkaþjónusta

Þjónustuaðili skal sjá til þess að umsækjendur fái notið þjónustu túlks eftir því sem við á. Þjónustuaðili metur hvort þörf sé á þjónustu túlks. Þjónustan getur eftir atvikum farið fram á staðnum eða með nýtingu tækni, t.d. myndsíma. Tryggja skal að börn umsækjenda séu ekki túlkar.

VIII. Tengiliður

Þjónustuaðili er tengiliður Útlendingastofnunar við umsækjanda. Í því felst að þjónustuaðili kemur upplýsingum og erindum til umsækjanda sem stofnunin óskar eftir. Slík erindi eru fyrst og fremst boðanir og tilkynningar. Þjónustuaðili afhendir ekki ákvarðanir sem fela í sér niðurstöðu í máli viðkomandi.

IX. Tómstundir og fullorðinsfræðsla

Þjónustuaðili leitast við að bjóða umsækjendum tækifæri til að kynna íbúum og staðháttum í sveitarfélaginu og afla sér þekkingar á íslensku samfélagi meðan á málsmeðferð stendur. Æskilegt er að þjónustuaðili bjóði uppá íslenskukennslu og skal hann upplýsa umsækjendur um afþreyingu sem stendur til boða í nærsamfélaginu. Þjónustuaðili tryggir umsækjendum internetaðgang til að auðvelda samskipti þeirra við aðstandendur í heimalandi, til upplýsingaöflunar og í fræðsluskyni. Þjónustuaðili ákveður fyrirkomulag þjónustunnar. Æskilegt er að umsækjendum standi til boða sundkort á vegum þjónustuaðila sem og bókasafnskort.

X. Samstarf

Útlendingastofnun heldur reglubundna fundi með þjónustuaðila vegna umfjöllunar um einstök mál og til samræmingar á úrræðum og úrlausnum mála. Báðir samningsaðilar geta óskað eftir slíkum fundum.

Útlendingastofnun kallar árlega alla þjónustuaðila í málefnum umsækjenda á sameiginlegan fund til að fara yfir samstarf og þróun í málaflokknum. Þjónustuaðili tekur þátt í slíkum fundi á gildistíma samningsins.

X. Gildistími

Viðauki þessi gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2020. Hvorum samningsaðila um sig er heimil uppsögn með 6 mánaða fyrirvara.

Reykjavík, **apríl** 2019,

F.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Útlendingastofnunar

Viðauki II

við samning Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Börnum fram að 18 ára aldri skal tryggð menntun. Útlendingastofnun skal tryggja að barn sé að jafnaði ekki lengur en fjórar vikur í umsjá stofnunarinnar án þess að vera komið í almennan skóla eða annað úrræði til menntunar. Leitast skal við að barn sé komið í almennan skóla innan 12 vikna frá umsókn um alþjóðlega vernd. Leitast skal við að koma til móts við þarfir fjölskyldna í þjónustu sveitarfélaga með daggæslu, leikskóla, framhaldsskóla eða öðrum menntaúrræðum, eftir því sem við á, sbr. 27. gr. reglugerðar um útlendinga nr.540/2017.

1. Kostnaður og þjónusta

Útlendingastofnun greiðir daggjald til þjónustuaðila fyrir hvert barn í þjónustu í samræmi við ákvæði samningsins. Á gildistíma viðaukans heldur þjónustuaðili nákvæma kostnaðargreiningu vegna hvers barns sem nýtur þjónustu, sbr. fylgiblað. Þjónustuþörf hvers barns skal metin af þjónustuaðila. Öll þjónusta við börn sem er kostnaðarauki umfram daggjöld er gerð upp í lok hvers rekstrarárs (1. janúar til 31. desember). Þjónustaðili sendir reikning fyrir áföllnum kostnaði í upphafi hvers rekstrarárs.

2. Gildistími

Viðauki þessi gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2020. Hvorum samningsaðila um sig er heimil uppsögn með 6 mánaða fyrirvara.

Reykjavík, **apríl** 2019,

F.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Útlendingastofnunar
